

## **Borgarráð 5. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um næstu skref skóla- og frístundasviðs í lestrarkennslumálum MSS24090021**

Óskað er eftir upplýsingum um næstu skref skóla- og frístundasviðs í lestrarkennslumálum. Mun sviðið leggja fram sínar eigin hugmyndir um t.d. hvernig hægt er að styðja börn enn frekar í lestrarnámi með það að markmiði að auka lesskilning eða er ætlunin að bíða eftir hvaða skref ráðherra barnamála ætlar að taka í málaflökknum?

Greinargerð:

Niðurstöður um slakan árangur liggja fyrir og hafa gert það lengi. Óttast er að næsta mæling sýni enn slakari niðurstöðu. Það versta sem getur gerst að mati Flokks fólksins er að bíða og gera ekkert. Það liggur fyrir að miklar tafir eru hjá Mennta- og barnamálaráðherra sem hefur ekki enn kynnt aðgerðaáætlun til að bregðast við niðurstöðum PISA-könnunarinnar, níu mánuðum eftir að þær voru birtar. Niðurstöður voru sláandi en 40% fimmtán ára nemenda á Íslandi búa ekki yfir grunnhæfni í lesskilningi. Í samanburði við aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við kemur Ísland illa út. Óttast má að næsta útkoma verði enn. verri. Eini samræmdi mælikvarðinn sem er í notkun núna er lesfimiþróf sem sýnir fram á sífellt verri lestrarfærni barna. Samræmdi mælikvarðinn, samræmd próf, var lagður af 2019 og hefur ekkert annað komið í staðinn. Skýrsla um framkvæmd skólustarfs í grunnskólum árin 2017 hefur heldur ekki litið dagsins ljós. Lögum samkvæmt hefði ráðherra átt að leggja skýrsluna fram í byrjun þess sama árs. Er skóla- frístundasvið að bíða eftir þessu til að geta tekið næstu skref til að taka næstu skref í þessum málum í grunnskólum borgarinnar? Hér má engan tíma missa. Börn þurfa að búa yfir vissri lesfimi til að geta lesið texta og skilið hann, haft lesskilning. Lesfimi byggist upp fyrstu 2 árin í skóla. Hafi börn ekki náð nægjanlegri færni til að skilja texta og muna það sem þau lesa í 3ja bekk næst hún sjaldnast. Fyrsta lesfimiþrófið er lagt fyrir í janúar í 1 bekk. Þá strax eru komnar vísbendingar og spurning hvernig brugðist er þá við með þau börn sem hafa kannski ekki náð grunninum. Dæmi eru um börn sem lesa aðeins 6 orð á mínútu í fyrsta lesfimiþrófinu. Það voru mikil mistök að hætta með samræmdu prófin án þess að nokkuð annað kæmi í staðinn. Afleiðingar eru alvarlegar. Með þessu er Flokkur fólksins ekki að segja að samræmdu prófin væru gallalaus en þau voru eina samræmda mælitækið. Framhaldsskólar einblíndu nánast eingöngu á „einkunnir“ sem er vissulega ekki nógu breiður mælikvarði á getu barns hvað þá sanngjarn. Samræmt mat er nauðsynleg forsenda þess að við getum tekið ábyrgð á útkomu kennslunnar. Við ættum að horfa meira til Svíþjóðar í þessum efnum en þar er samræmt skyldumat í 1. bekk og í Danmörk er samræmt námsmat gert nærri árlega. Umfram allt eigum við að taka upp Kveikjum neistann í Reykjavík. Það verkefni hefur allt að bera til að koma okkur aftur á rétta braut í þessum málum.